

Ed.

854. Frumvarp

til laga um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á eftirtöldum vöruflokkum:

- a. Bifreiðum allskonar og bifhjólum, hvort heldur er til mannflutninga eða vöruflutninga.
- b. Bifreiða- og bifhjólahlutum, þar með töldum hjólbörðum (tires) og slöngum.
- c. Rafvélum og áhöldum, raflagningarefni. Skal undir þann flokk aðallega telja: Rafhreyfla, rafala, aðrar rafvélar og rafvélahluta, rafgeyma og rafhlöður, raflampa, glólampa (ljósakúlor), rafmæla, rofa og vör (öryggi), raflagnapípur, dósir, tengla og annarskonar búnað raflagna, boglampa, glimlampa, einangrara, hnappa, vökur, spenna (transformatora), strenghólka allskonar, loftskeytataeki, dýptarmæla, röntgentæki, talsíma- og rítsímaáhöld, eirvir og vafinn vir, snúrur og strengi (kabil) úr eir.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka einkasölu á einum framantalinna vöruflokka án þess að hinir fylgi með, og henni er einnig heimilt að taka einkasölu á einstöku vörutegundum innan vöruflokka þeirra, sem getur í 1. gr., án þess að tekin sé einkasala á þeim vöruflokki öllum.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð allt nánara skipulag einkasölnnar, þar á meðal, hversu fer um vörur þær, sem um ræðir í 1. gr. og óseldar eru í landinu þegar einkasalan hefst.

4. gr.

Ríkisstjórnin leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölnnar, svo og til viðgerðarverkstæða fyrir bifreiðar, eftir því sem þykir þurfa, og er henni heimilt að taka það að láni. Heimilt skal ríkisstjórninni að leggja rekstur einkasölnnar að nokkrum hluta eða að öllu leyti undir þær ríkiseinkasölur eða ríkisstofnanir, sem fyrir eru.

Verzlunarhagnaður af einkasölnni rennur í ríkissjóð.

30% af verzlunarhagnaðinum greiðir ríkissjóður bæjar- og sýslusjóðum þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðal- aðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þennan greiðir ríkissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47 4. júní 1934, um aukaútsvar ríkisstofnana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—c og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnnar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.